

Nd.

604. Nefndarálit

[15. mál]

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til skoðunar í allan vetur, enda er þetta eitt af fyrstu málum þingsins. Lengi var beðið eftir umsögnum opinberra aðila og fengust þær ekki fyrr en eftir ítrekaðan eftirrekstur. Af þeim ástæðum var það fyrst nú fyrir fáum vikum sem raunveruleg skoðun málsins gat hafist í nefndinni. Við þá athugun kom í ljós, að áhugi og vilji var fyrir því hjá mörgum nefndarmanni að afgreiða málið, enda var hér um að ræða mál, sem skipta mun sköpum fyrir fjölmarga aðila, einkum húsbyggjendur sem eru að kikna undir greiðslubyrði lána þar eð lánskjaravísitala hefur hækkað talsvert umfram kaupgjald og allar greiðsluáætlanir húsbyggjenda og annarra lántakenda hafa þar með farið úr skorðum.

Eins og vænta mátti höfðu lánastofnanir og fulltrúar þeirra ýmsar úrtölur fram að færa um efni frv. við nefndina. Allir voru þeir sammála um, að sjálft úrlausnarefnið væri brýnt og knýjandi og sú hugmynd um lausn, sem í frv. er gerð tillaga um, sé skynsamleg. Úrtölnar beindust hins vegar að framkvæmdinni, — á henni væru tæknilegir örðugleikar, vafasamt sé hvort hægt sé að ráða slíkum málum til lykta með löggjöf o. s. frv., o. s. frv. Urðu þessar úrtölur til þess að hafa þau áhrif á nefndarmenn, sem áður höfðu lýst sig fylgjandi ákvæðum frv., að þeir treystu sér ekki til þess lengur, en vilja afgreiða málið með vísun til ríkisstjórnarinnar með ýmsum yfirlýsingum og vilyrðum um skilning og góðan vilja.

Þótt ekki sé efast um þann skilning og góðan vilja, sem fram kom í þessari afgreiðslu og látinn hefur verið í ljós af ýmsum fulltrúum lánastofnana, þá er hætt við að á framkvæmdinni geti orðið bið komi ekki til atbeina Alþingis, sem lögin setti um verðtryggingu fjárskuldbindinga og ætlaðist til við þá afgreiðslu, að greiðslubyrði færi ekki fram úr launaþróun í landinu. Vart eru meiri framkvæmdaörðugleikar í máli því, sem frv. fjallar um, en voru á verðtryggingunni skv. lánskjaravísitölu þegar hún var upp tekin, og er ekki vitað að lánastofnanir hafi kvartað mjög undan tæknilegum örðugleikum í því sambandi. Þá fellst minni hl. nefndarinnar ekki heldur á þær röksemdir, að með samþykkt frv. væri verið að skerða réttmæta verðtryggingu útlánakrafna lánastofnana þar sem aðeins er um að ræða tiltekna lengingu lánstíma að hluta til, en enga skerðingu verðtryggingar.

Minni hl. n. leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. mars 1983.

Sighvatur Björgvinsson.